

Sp.

292. Tillaga til þingsályktunar

[139. mál]

um bættu aðbúð sildarsjómannanna.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ingimundarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að bættri aðbúð sildarsjómannanna í helztu löndunarhöfnum, sérstaklega með því að koma á fót sjómannastofum, svo og að greiða fyrir bókaláni til sildveiðiskipa.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa sildveiðar aukizt mjög og eru nú stundaðar mikinn hluta ársins. Af þessu leiðir, að sildarsjómenn verða að dveljast fjarri heimilum sínum lengur en áður, enda fylgja skipin sildinni umhverfis landið og koma sjaldan í heimahöfn mánuðum saman. Er nú mikil sildarlöndun í ýmsum höfnum, þar sem lítil eða engin aðstaða er til að greiða fyrir sjómönnum þær stundir, sem þeir koma í land.

Á aðalfundi Sjómannafélags Reykjavíkur, sem haldinn var nýlega, var mál þetta rætt og gerð um það ályktun. Var þar skorað á heildarsamtök sjómannanna að beita sér fyrir því, að komið verði upp sjómannastofum í stærstu sildarmóttökuhöfnunum á Austurlandi, svo og í Vestmannaeyjum og víðar, þar sem mörg skip landa eða hafa viðlegu. Í samþykktinni var einnig fjallað um bættu aðbúð sjómannanna í Reykjavík, og munu sjómenn úr öðrum landshlutum geta tekið undir þá ósk.

Mál þetta var einnig rætt á 22. þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Það þing taldi brýna nauðsyn á, að þau sjávarpláss á Austfjörðum og annars staðar á landinu, sem ekki hafa komið sér upp sjómannastofum, leggi áherzlu á að sjá um, að í hverri verstöð geti sjómenn fengið samastað, þar sem þeir geta lesið, skrifað og notið annarrar fyrirgreiðslu.

Þá gerði þing F.F.S.Í. einnig ályktun, þar sem skorað var á yfirvöld að láta athuga, á hvern hátt heppilegast sé að koma því við, að ætíð séu handhægir bóka-kassar til útlána til fiskiskipa, ekki sízt til sildarflotans við Austfirði.

Ætla má, að ýmsar ráðstafanir sé unnt að gera til að koma til móts við sjómenn, án þess að það kosti stórfé eða nýjar byggingar. Sums staðar ræður ríkið yfir húsnæði, sem nota mætti, og athugandi er, hvort ekki er hægt að hafa einhver not af félagsheimilum í þessu skyni. Þess vegna er tillaga flutt um að fela ríkisstjórninni að taka þetta mál upp.